

Miðvikudagur 15. febrúar

DV



- 16.30 Fræðsluvarp. 1. Astekar (11 mín.). Mynd um Tenochtitlan, hina fornu borg Asteka í Mexíkó. 2. Umbræðan (20 mín.). Þáttur um skólamáli. Stjórnandi Sigrún Stefánsdóttir. 3. Alles Gute (15 mín.). Þýskubáttur fyrir þyrendur. 4. Entrée Libre (15 mín.). Frönskukennsla fyrir þyrendur.
- 18.00 Töfraguggi Bomma. Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 Táknafréttir.
- 19.00 Poppkorn. Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.25 Föðurleif Franks (18) (Franks Place). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
- 19.54 Ævintýri Tinna Ferðin til tunglsins. (22)
- 20.00 Fréttir og veður.
- 20.35 Á tali hjá Hemma Gunn. Hermann Gunnarsson tekur á móti gestum í Sjónvarpsal í beinni útsendingu. Földu myndavélinni verður komið fyrir þar sem hennar er sist von og bandarakeppnin heldur áfram, einnig kemur í heimsókn tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson og Michael Jackson-æðinu verða gerð skil, svo eitthvað sé nefnt. Stjórn útsendingar Björn Emilsson.
- 21.40 Ikoni á undanhaldi (The Case of the Vanishing Squirrel). Bresk fræðslumynd um lífnaðarhættu ikonans í Bretlandi. Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson.
- 22.10 Húsið. Íslensk bíómynd frá 1983. Leikstjóri Egill Eðvarðsson. Aðalhlutverk Lilja Þórisdóttir og Jóhann Sigurðarson. Tvær ungar manneskjur fá leigt gamalt hús og þykjast hafa himin höndum tekið. Brátt fer stúlkan að finna fyrir undarlegum áhrifum í húsinu og óskiljanlegar sýrnir fylla hana skelfingu. Myndin var áður á dagskrá 25. okt. 1986.
- 23.00 Seinni fréttir.
- 23.10 Húsið framhald.
- 23.55 Dagskrárlok



- 15.45 Santa Barbara. Bandarískur framhaldsþáttur.
- 16.30 Bestur árangur. Personal Best. Samkynhneigðar vinkonur, sem báðar hafa náð langt í íþróttgrein sinni, setja markið hátt. Milli þeirra myndast óhjákvæmilega hörð samkeppni þrátt fyrir sterk vináttubönd. Aðalhlutverk: Mariel Hemingway, Scott Glenn, Patrice Donnelly og Kenny Moore.
- 18.35 Marabondansinn. Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi þennan söngleik í veitingahúsinu Broadway þann 29. desember síðastliðinn. Verkið er byggt á sögunni „They Shoot Horses, Don't They?“ Í þessum þætti er gerð grein fyrir uppruna og bakgrunni leiksins. Einnig er sagt frá æfingartímanum fyrir sýninguna, rætt við leikstjóra og textahöfund, Karl Agúst Úlfsson.
- 19.19 19:19. Fréttir veður, íþróttir, menning og listir, fréttaskýringar og umfjöllun. Allt í einum pakka.
- 20.30 Heil og sæl. Betri heilsa. Í þessum lokabætti verða sýnd brot úr eldri þáttum og viðtöl við ýmsa frammamenn um gildi forvarna. Einnig verður rætt við fornarlömb um mikilvægi áróðurs og forvarnastarfs í fjölmiðlu. Umsjón: Salvör Nordal. Handrit: Jón Óttar Ragnarsson.
- 21.05 Undir tösku flaggi. Charmer. Breskur úvals framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Nigel Havers, Bernard Hepton, Rosemary Leach og Fiona Fullerton.
- 22.00 Dagdraumar. Yesterdays Dreams. Framhaldsmynd í sjö hlutum. Fimm þáttur. Matthew reynir að stöðva afskipti föður síns. Honum finnst stjúpadóttir fylla rúm Martins. Yfirmaður Martins ávitar hann þegar hann kemur aftur til vinnu. Aðalhlutverk: Paul Freeman, Judy Loe, Trevor Byfield og Damien Lyne.
- 22.55 Viðskipti. Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
- 23.25 Tony Rome. Tony er ungur og glæsilegur piparsveinn sem býr einsamall um borð í lítilli skemmtisnekkju við strendur Flórida. Kvöld eitt fer með honum heim ung dóttir auðkynings nokkurs. Brátt uppgötva þau að hún hefur tapað dýrmætum gimsteini. Aðalhlutverk: Frank Sinatra, Jill St. John og Richard Conte. Ekki við hæfi barna.
- 1.10 Dagskrárlok.

Rás 1
FM 92,4/93,5

- 6.45 Veðurfreginir. Bæn, séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson flytur.
- 7.00 Fréttir.
- 7.03 Í morgunsárið með Randverri Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfreginir kl. 8.15. Lesið úr forustu-greinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 Fréttir.
- 9.03 Lítil barnatíminn – „Kári líti og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu sína. (2)
- 9.20 Morgunleikfimi. Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 Íslenskur matur. Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
- 9.40 Landpósturinn – Frá Vestfirðum. Umsjón: Finnboði Hermannsson.
- 10.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 10.10 Veðurfreginir.
- 10.30 Óskastundin. Helga P. Stephensen kynir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókar-kafli, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
- 11.00 Fréttir.
- 11.03 Samhljómur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 11.55 Dagskrá.
- 12.00 Fréttayfirlit. Tilkynningar.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfreginir. Tilkynningar.
- 13.05 Í dagsins önn. Umsjón: Kristján Sigurjónsson. (Frá Akureyri.)
- 13.35 Miðdegissagan: „Blóðbrúðkaup“ eftir Yann Queffelec. Guðrún Finnboðadóttir þýddi. Þórarinn Eyfjörð les. (15.)
- 14.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 14.05 Norrænir tónar.
- 14.30 Íslenskir einsöngvarar og kórar. Hreinn Pálsson, Ólafur Magnússon frá Mosfelli, Kór Langholtskirkju og Stefán Íslandi sýngja íslensk og erlend lög.
- 15.00 Fréttir.
- 15.03 Vísindapátturinn. Umsjón: Ari Trausti Guðmundsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
- 15.45 Þingfréttir.
- 16.00 Fréttir.
- 16.03 Dagskráin. Dagskrá.
- 16.15 Veðurfreginir.
- 16.20 Barnaútvarpið – Lítið inn í Vesturbæjarskólanum. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 Fréttir.
- 17.03 Tónlist eftir Dimitri Sjostakovits.
- 18.00 Fréttir.
- 18.03 Á vettvangi. Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsson, Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 Veðurfreginir.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.30 Tilkynningar.
- 19.32 Kvíksjá. Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
- 20.00 Lítil barnatíminn – „Kári líti og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu sína. (2) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 Nútímatónlist. Þorkell Sigurbjörnsson kynir verk samtímátónskálda.
- 21.00 Sænskar smásögur. „Kemur heim og er góður“, eftir Lars Ahlin í þýðingu Guðrúnar Þórarinsdóttur. Erla B. Skúladóttir les. „Í heldgidóminum“ eftir Dan Anderson. Jón Danielsson les þýðinguna sína. (Áður á dagskrá í ágúst 1980.)
- 21.30 Skólavörðan. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Endurtekinn þáttur frá sl. föstudegi úr þáttaröðinni „Í dagsins önn“.)
- 22.00 Fréttir. Dagskrá morgundagsins.
- 22.07 Frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón P. Þór segir frá gangi mála í annarri umferð.
- 22.15 Veðurfreginir.
- 22.20 Lestur Passíusálma. Guðrún Egisdóttir les 21. sálmu.
- 22.30 Samantekt um íslenska bankakerfið. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
- 23.10 Djassþáttur. – Jón Múli Arnason.
- 24.00 Fréttir.
- 00.10 Samhljómur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 Veðurfreginir. Næsturútlit og samtengdum rásum til morguns.



- 01.10 Vökulögin.
- 7.03 Morgunútvarpið. Leifur Hauks-son og Ólóf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum. Fréttir

- kl. 8.00, veðurfreginir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 Stúlkan sem bræðir íshjörtun, Eva Ásrún kl. 9. Morgunskyra Eva Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmælis-kveður kl. 10.30.
- 11.03 Stefnumót. Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
- 12.00 Fréttayfirlit. Auglýsingar.
- 12.15 Heimsblöðin.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Umhverfis landið á áttatíu. Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónsson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
- 14.05 Milli mála, Óskar Páll á útklíki og leikur ný og fin lög. – Útklíkið uppur kl. 14. – Spjallá við sjömann vikunnar.
- 16.03 Dagskrá. Dægurmálaútlit fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ávar Kjartansson og Sigríður Einar-dóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendabjóstunast kl. 16.45. – Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum eftir kl. 17.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.32 B-heimsmeistaramótið í handknattleik. Ísland – Bulgárika. Samúel Örn Erlingsson lýsir leiknum frá Frakklandi.
- 22.07 Á rölinu með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 23.45 Frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík. Jón P. Þór skýrir valdar skákir úr annari umferð
- 01.10 Vökulögin. Tónlist af ýmsu tagi í næsturútliti til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregin frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 – 8.30 Svæðisútlit Norðurlands.
- 18.03 – 19.00 Svæðisútlit Norðurlands.



- 7.30 Páll Þorsteinsson: Þægileg morguntónlist sem gott er að vakna við. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
- 10.00 Valdis Gunnarsdóttir. Góð tónlist með vinnunni. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór koma milli kl. 10 og 11.
- 14.00 Þorsteinn Ásgeirsson. Góð siðdegistónlist. Óskagalasímminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli kl. 17 og 18.
- 18.00 Fréttir.
- 18.10 Reykjavík siðdegis – Hvað finnst þér? Steingrímur Ólafsson og Þylgjuhlustendur spjalla saman. Síminn er 61 11 11.
- 19.00 Freymóður T. Sigurðsson.
- 20.00 Bjarni Ólafur Guðmundsson. Tónlistin þín.
- 24.00 Næturdagskrá Bylgjunnar.



- 7.30 Jón Axel Ólafsson. Jón Axel í hressari kantínunni. Fréttir kl. 8.00 & 10.00
- 10.00 Sigurður Helgi Hiðversson. Sigurður Helgi með lög úr öllum áttum. Fréttir kl. 12.00 & 14.00.
- 14.00 Gísli Kristjánsson. Þessi ljúfi dagskrárgerðarmaður leikur létt lög af geisladiskum.
- 18.00 Þægileg tónlist með kvöldverðinum.
- 20.00 Sigursteinn Másson. Kvöldúlfur Stjórnunnar mættur með allt það nýjasta í poppinu en laumar að einu og einu gömlu. Eftir klukkan 10.00 læðist Sigursteinn í rólegu tónlistina á Stjórnunni.
- 24.00 Dagskrárlok.

Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

- 7.00 Réttum megin fram úr. Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
- 9.00 Morgungull. Hafdis Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við alla hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmælis-kveður- og óskagalasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
- 12.00 Ókynnt hádegistónlist.
- 13.00 Perlu og pastaréttir. Snorri Sturluson sér um tónlistina sína og litur m.a. í dagbók og slúður-blöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmælis-kveður eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.

- 17.00 Siðdegi í lagi. Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þrains Brjánssonar. Meðal efni er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnefast þykir hverju sinni.
- 19.00 Ókynnt kvöldmatartónlist.
- 20.00 Axel Axelsson er ykkar maður á miðvikudagskvöldum. Góð tónlist í fyrirrúmi.
- 23.00 Þrains Brjánsson tekur endaspjallinn. Góð tónlist fyrir svefninn.
- 1.00 Dagskrárlok.



- 10.00 Morgunundur. Guðs orð og bæn.
- 10.30 Alfa með erindi til þín. Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
- 20.00 Vinsældaval Alfa. Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
- 22.00 Í miðri viku. Blandaður tónlistar- og rabbbáttur. Stjórn: Alfons Hannesson. (Endurtekið næstkomandi föstudag.)
- 24.00 Dagskrárlok.



- 10.00 Rótartónlist Guðmundur Smári.
- 13.00 Úr Dauðahafshandritunum. Haraldur Jóhannsson les 10. lestur.
- 13.30 Nýi tíminn. Bahá'í samfélagið á Íslandi.
- 14.00 Á manlegu nótnum. Flokkur mannsins E.
- 15.00 Úr ritverum Þórbergs Þórðarsonar. Jón frá Pálmholts les.
- 15.30 Kvinnalístin. Þingflokkur Kvinnalístans E.
- 16.00 Samband sérskóla E.
- 16.30 Umrot. Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 Í Miðnesheiðni. Samtök herstövaandstæðinga E.
- 18.00 Elds er þörf. Umsjón: Vinstri-sócialistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 Oppl. Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
- 19.30 Heima og að heiman. Alþjóðleg ungmenntaskipti.
- 20.00 FES. Unglingaþáttur. Umsjón: Nonni og Þorri.
- 21.00 Barnatími.
- 21.30 Úr Dauðahafshandritunum. Haraldur Jóhannsson les 10. lestur E.
- 22.00 Við og umhverfið. Þáttur í umsjá dagskráráðs um umhverfismál á Utvarpi Rót.
- 22.30 Alþjóðbandalagið.
- 23.00 Samtök græningja. Nýr þáttur E.
- 23.30 Rótardraugar
- 24.00 Hausaskak. Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar. E frá mán.
- 2.00 Næturvakt til morguns með Baldri Bragasoni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.




- 16.00 MR.
- 18.00 MS.
- 20.00 IR.
- 22.00 FB.
- 01.00 Dagskrárlok.



- 18.00–19.00 í miðri viku. Fréttir af íþróttafélögnum o.fl.
- 19.30–22.00 Útvarpsklúbbur Öldu-túnsskóla.
- 22.00–24.00 Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla.



- 19.00 Raflost. Jón Heiðar, Siggí og Guðni þungarokka af þekkingu.
- 20.00 Skóláþáttur. Umsjón hafa nemendur í Menntaskólanum á Akureyri.
- 21.00 Freginir. 30 mínútna fréttabáttur. Opin umræða ásamt blaðalestri.
- 21.30 Bókmenntaþáttur. Straumar og stefnur í bókmenntum.
- 22.00 Það er nú það. Valur Sæmundsson spjallar við hlustendur og spilar meira og minna.
- 23.00 Leikið af fingrum. Steindór Gunnlaugsson og Ármann Gyflason leika vandaða blöndu.
- 24.00 Dagskrárlok.



Helgi Björnsson fer með eitt aðalhlutverkið í Heimsmeistarakeppninni í marabondansi.

Stöð 2 kl. 18.35:

Marabondansinn

Undanfarið hefur söng-leikurinn Heimsmeistarakeppnin í marabondansi verið sýndur í Broadway. Söngleikurinn, sem byggður er á skáldsögunni They Shoot Horses Don't They, fjallar um danskeppni sem fer fram í Los Angeles á kveppuárunum þegar fólk gerði nánast allt til að geta lifað. Þekkt kvikmynd var gerð eftir sögunni og fékk Gig Young óskarsverðlaun

fyrir leik sinn í hlutverki skemmtistjórans.

Í þættinum er gerð grein fyrir uppruna og bakgrunni leikritsins, sagt og sýnt frá æfingum og rætt við leikstjóran og þýðandann, Karl Ágúst Úlfsson, en hann breytti nokkuð frá upprunalegri gerð og tók dægurlög þess tíma er leikritið gerist og setti íslenska texta við.

-HK

Rás 1 kl. 22.30:

Samantekt um íslenska bankakerfið

Samantekt um bankamál á Íslandi nefnist þáttur sem er á dagskrá rásar 1 í kvöld klukkan 22.30. Umsjónarmaður er Páll Heiðar Jónsson. Í þættinum verður fjallað um hugmyndir manna um sameiningu banka og hvers vegna þær hafa ekki orðið að veruleika embæ. Þá verður einnig fjallað

um umfang bankastarfsemi og mannafla á því sviði hér á landi í samanburði við það sem algengast er í nágrannalöndum okkar og þá auknu hagkvæmni sem menn telja að unnt ætti að vera að ná fram með betri hagnýtingu mannafla og húsakosts á þessu sviði.



Bommi er sjálfsgött ekki mjög kátur í dag, liggur í rúminu með flensu.

Sjónvarp kl. 18.00:

Töfraguggi Bomma

Í dag er Bommi með flensuna og er í rúminu. Hann kynir samt nokkrar teiknimyndir fyrir börnin sem eru: Húsið hennar Bínu, þar sem leikfangafroskur kemur mikið við sögu, og Depill byrjar í leikskóla. Nýr teiknimyndaflokkur hefur göngu sína, Skvamparnir. Þeir búa í Skvampubæ og

það er skruðganga hjá þeim í dag. Aðrar teiknimyndir eru Hundurinn Rubbi, hann inn hans og Forvitni flisunginn.

Þegar teiknimyndum lýkur opnast Myndgugginn upp á gátt og þar eru sýndar teikningar eftir yngstu áhorfendurna.

-HK